


Ársskýrsla 2002

Héraðsskjalasafn Mosfellsbæjar hefur nú lokið öðru starfsári sínu. Á árinu 2002 tók safnið við 30 skjalaafhendingum og er það töluverð aukning frá árinu 2001 en þá voru þær einungis 8 talsins.



Bókasafn Mosfellsbæjar hafði tekið á móti töluverðu af gögnum áður en héraðsskjalasafn tók til starfa og er það ástæðan fyrir því að Bókasafn Mosfellsbæjar er oft nefnt sem afhendingaraðili í aðfangaskránni en skjalasafnið tók við þeim gögnum á árinu 2002. Einnig voru gögn í geymslu bæjarins sem safnið tók í sína vörslu á árinu.

Þó nokkuð var um fyrirspurnir er þó að mestu leyti frá starfsmönnum bæjarskrifstofu Mosfellsbæjar. Mörg merkileg

skjöl bárust til safnsins á árinu bæði frá opinberum aðilum og einkaaðilum. Má þar nefna einkaskjöl nokkurra íbúa Mosfellsbæjar, sem voru lengi starfsmenn hjá Álafossi og Reykjalundi og segja mikla sögu þeirra vinnustaða; aðallega bréf og ljósmyndir. Einnig gögn úr eigu Lárusar Halldórssonar sem lengi var kennari og skólastjóri hér í bæ. Þá voru einnig flutt merk gögn úr geymslu bæjarins frá Ungmennafélaginu Aftureldingu og stórt einkaskjalasafn Gríms Norðdahl sem bjó á Úlfarsfelli og inniheldur það safn mikið af ljósmyndum, jólakortum, bréfum og búreikningum en það er allt enn óflokkað og óskráð.

Í febrúar var gerður samningur um ritun á sögu Mosfellsbæjar við þá Bjarka Bjarnason og Magnús Guðmundsson. Í framhaldi af því hófu þeir samstarf við Héraðsskjalasafn Mosfellsbæjar, sem hófst á því að senda eldri borgurum í Mosfellsbæ og fólki annarsstaðar búsettu sem tengist á einhvern hátt Mosfellsbæ bréf og biðja um gögn í tilefni að ritun á sögu Mosfellsbæjar. Það hefur skilað árangri og hefur fólk haft samband við safnið og gefið gögn.

Síðan var farið í það að fá að láni gamlar myndir hjá eldri borgurum í Mosfellsbæ og víðar og voru þær skannaðar inn í tölvuforrit. Í framhaldi af því hefur svo fólkið komið og skráðar hafa verið upplýsingar um myndirnar og þeim síðan skilað. Fólk hefur svo jafnvel í leiðinni gefið safninu einhver gögn.

Héraðsskjalavörður telur þetta gefa góða raun þar sem oft myndast tengsl við þetta fólk sem jafnvel hefði þá samband við safnið síðar til að gefa einhver gögn.

Þegar ritunin hófst óskaði Bjarki Bjarnason eftir að fá að láni hjá Þjóðskjalasafni Íslands gamlar hreppsþækur úr Mosfellshreppi og eru þær frá byrjun 19. aldar og fram á 20.

öld. Einnig er þar um að ræða tvær bréfabækur og eina gjörðabók frá lok 19. aldar og byrjun 20. Héraðsskjalavörður sendi bréf til Þjóðskjalavarðar þar sem óskað var eftir því að safnið fái þessar bækur til eignar þar sem þær eru upprunnar hér í sveit, en í lok árs 2002 hafði því erindi ekki verið svarað. Safnið hefur sett upp þrjár sýningar á árinu og voru þær settar upp á Bókasafni Mosfellsbæjar sem er staðsett í sama húsi og safnið. Fyrri sýningin voru gamlar myndir úr Mosfellsbæ og var þemað „Íþróttafólk“, s.s. sundfólk, glímumenn, frjálsíþróttir og reiðmennska. Seinni sýningin var í tilefni af Norræna skjaladeginum þann 9. nóvember og setti héraðsskjalavörður þá upp sýningu með gögnum frá Ungmennafélagi Aftureldingar, en þema dagsins var félög manna í víðum skilningi. Á sýningunni mátti sjá myndir frá afmælum félagsins, Dagrenning handskrifað rit félagsins og fundargerðabækur, m.a. frá stofnfundi félagsins þann 11. apríl 1909. Sýningin var uppi út vikuna á eftir.

Í lok nóvember setti skjalasafnið upp sýningu á jólakortum úr eigu Gríms Norðdahl frá Úlfarsfelli en hann lést árið 1997. Þar mátti sjá kort frá ýmsum tímum, eða allt frá 4. áratug síðustu aldar og fram í lok aldarinnar. Fróðlegt er að fara í gegnum þróunina í jólakortum en safni Gríms og Ragnheiðar Norðdahl fylgdu nokkur hundruð kort, bæði jóla- og afmæliskort.

Mosfellsbær í janúar 2003
Sólveig Magnúsdóttir
héraðsskjalavörður

Aðfangaskrá 2002

<i>Nr</i>	<i>Innihald</i>	<i>Afhendingaraðili</i>	<i>Dags.</i>
01	16 öskjur með skjölum, 2 stórar tímaritaöskjur með myndum, 1 askja með myndum, járnkassi með útskornum kassa í sem inniheldur bók frá upphafi Aftureldingar. Innbundin bók um sögu landsmóta ungmennafélaga. Skráð og frágengið.	Bókasafn Mosfellsbæjar.	23.1.2002
02	Umslag með gögnum frá U.M.F.A. en var úr annari afhendingu en 01.	Bókasafn Mosfellsbæjar.	23.1.2002
03	Leifur Loftsson, einkaskjöl. Myndir ofl. Tvö brún umslög.	Bókasafn Mosfellsbæjar.	23.1.2002
04	Gögn varðandi Álafoss. Úr vörslu Arnaldar Þórs.	Bókasafn Mosfellsbæjar.	23.1.2002
05	Afrit af jarðabók Árna Magnússonar. Úr vörslu Hlífar Gunnlaugsdóttur Æsustöðum.	Bókasafn Mosfellsbæjar.	23.1.2002

<i>Nr</i>	<i>Innihald</i>	<i>Afhendingaraðili</i>	<i>Dags.</i>
07	Fundargerðabók byggingasamvinnufélags ungs fólks í Mosfellssveit 1977-1982 (ljósrit) og 1982-1985.	Bókasafn Mosfellsbæjar.	23.1.2002
08	Fundargerðabók Félags starfsmanna Mosfellshrepps (STAMOS) 1975-1984.	Bókasafn Mosfellsbæjar.	23.1.2002
09	ITC Korpa. ýmis gögn í kassa og 1 plastpoka afhent 1996.	Bókasafn Mosfellsbæjar.	23.1.2002
10	Einkaskjöl Ásgeirs Norðdahl.	Bókasafn Mosfellsbæjar.	23.1.2002
11	Ljósmynd af Karlakórnum Stefni.	Bókasafn Mosfellsbæjar	23.1.2002
12	20 skýrslur um aðalfund sýslunefndar Kjósarsýslu, 2 lögreglusamþykktir Gullbringusýslu 1941 og 1943. Stjórnarskrá. Lög um kosningar.	Bókasafn Mosfellsbæjar.	23.1.2002.

Nr	Innihald	Afhendingaraðili	Dags.
13	Gerðabók. Deild Norræna félagsins í Mosfellssveit 1974-1996.	Bókasafn Mosfellsbæjar.	23.1.2002
14	Ýmis gögn varðandi U.M.F. Aftureldingu úr vörslu Skúla Skarphéðinssonar. Einnig kort af íþróttaleikvangi við Brúarland.	Skúli Skarphéðinsson	Ahent í janúar 2002.
15	Tvö póstkort frá Sigurjóni Péturssyni til Kolbeins Högnasonar í Kollafirði. Framan á kortunum eru myndir af Sigurjóni. Brot af sóknarlýsingu e. Kolbein Högnason í Kollafirði (ljósrit).	Steinunn Elínborg Guðmundsdóttir	Ahent 3. apríl 2002.
16	Ýmis gögn er varða Ungmennafélagið Aftureldingu, Barnastúkuna Varmá, ljósmyndir o.fl. úr eigu Lárusar Halldórssonar (EE-21) á Brúarlandi.	Hallfríður Georgsdóttir	Ahent í apríl 2002.
17	Gögn er varða Laxnesbýlið.	Þór Sigurþórsson.	Ahent í apríl 2002

<i>Nr</i>	<i>Innihald</i>	<i>Afhendingaraðili</i>	<i>Dags.</i>
18	Ljóðmæli Jórunnar Halldórsdóttur frá Bringum í Mosfellssveit. Guðrún lánaði myndir til skönnunar vegna ritunar á sögu Mosfellsbæjar- og sveitar.	Guðrún Sigurjónsdóttir.	Ahent í apríl 2002.
19	Ýmis gögn frá bæjarstjóra frá ca. 1991-1995.	Svanhildur Þorkelsdóttir skjálavörður.	3. maí 2002.
20	Gögn frá Páli Guðjónssyni fyrrv. bæjarstjóra í tengslum við fundarstjórn á þorrablóti í Hlégarði í janúar 2002.	Páll Guðjónsson.	Febrúar 2002.
21	Ýmis gögn úr eigu Runólfs Jónssonar fyrrv. starfsmanns á Reykjalundi. Margt er varðar S.Í.B.S. og Reykjalund ásamt persónulegum bréfum, kvæðum ofl.	Steinunn Júlíusdóttir ekkja Runólfs.	Bjarki Bjarnason kom með gögnin í apríl 2002.

<i>Nr.</i>	<i>Innihald</i>	<i>Afhendingaraðili</i>	<i>Dags.</i>
22	<p>Ýmis gögn varðandi skipulagsmál, húsaframkvæmdir, hitaveitu, vegagerð úr vörslu Tryggva Jónssonar bæjarverkfræðings. Einnig innsend erindi frá íbúum bæjarins. Seinna afhent gögn varðandi skipulag höfuðborgarsvæðisins, athugasemdir, skýrslur o.fl.</p>	<p>Steinunn Júlíusdóttir ritari</p>	<p>Afhent í maí 2002.</p>
23	<p>16 tölublöð Dalalæðunnar, frá 1987–2002. Gefið út af Íbúasamtökunum Víghóli í Mosfellsdal.</p>	<p>Bókasafn Mosfellsbæjar.</p>	<p>Afhent 23.maí 2002.</p>
24	<p>Gögn er varða flokkun ullar á Álafossi, frumvarp til laga um flokkun ullar o.fl. Einnig lánaðaði Bendikt okkur myndir úr fórum Egils Sigurðssonar sem var lengi kembimaður á Álafossi, ásamt myndum í hans eigu.</p>	<p>Benedikt Bent Ívarsson</p>	<p>3. september 2002.</p>

<i>Nr</i>	<i>Innihald</i>	<i>Afhendingaraðili</i>	<i>Dags.</i>
25	Grafskrift Finnbjargar Finnsdóttur (ljósrit). Brot af sóknarlýsingu eftir Kolbein Högnason (ljósrit). Ávarp, kvæði um ferð á vestfirði eftir G.I.K. (ljósrit). Hreinn Ólafsson Helgadal lánaði HM frumritin til ljósritunar.	Hreinn Ólafsson Helgadal.	9. september 2002.
26	Ein askja með dagbókum og bréfum úr eigu Salome Þorkelsdóttur.	Tekið úr geymslu bæjarins.	Nóvember 2002.
27	Einkaskjöl Gríms Norðdahl, Úlfarsfelli. Ljósmyndir, bréf, búreikningar og jólakort.	Tekið úr geymslu bæjarins.	Nóvember 2002.
28	Gögn af Fræðslu- og menningarsviði. Starfsáætlanir leikskóla, bréf o.fl.	Björn Þráinn Þórðarson, sviðsstjóri Fræðslu- og menningarsviðs	Nóvember 2002.

<i>Nr</i>	<i>Innihald</i>	<i>Afhendingaraðili</i>	<i>Dags.</i>
29	Gögn frá Skólaskrifstofu Mosfellsbæjar. Bréf o.fl. frá fyrrverandi skólafulltrúa.	Sólborg Alda Pétursdóttir skólafulltrúi	Nóvember 2002.
30	Gögn úr eigu Helga Helgasonar útfararstjóra og líkkistusmiðs. Gögnin eru aðallega um leigu og sölu á Helgafellslandi.	Salgerður og Lára Ólafsdætur.	22. október 2002.